

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um borgun þinggjalds.* — Um leið og þjer, herra amtmaður í brjefi frá 5. júní þ. á., sögðuð mjer álit yðar um erindi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, þar sem hann fer þess á leit, að sjer verði leyft að taka upp í þinggjöld innskriptir hjá áreiðanlegum kaupmönnum, þó þeir vilji ekki undirgangast að gefa út ávísun fyrir innskriptirnar fyrir en að af lokinni haustkaupþíð, senduð þjer mjer nokkrar «athugasemdir», er sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hafði fundið ástæðu til að gjöra við brjef mitt frá 21. jan. þ. á. (stjórnartíð. B. 5.), og 5. gr. laga um ábúðar- og lausafjárskatt 14. desbr. 1877.

Fyrir því vil jeg biðja yður, herra amtmaður, að tjá nefndum embættismönnum þetta: Enginn vafi getur verið um, að sýslumenn eru skyldir til að svara ábúðar- og lausafjárskatti eins og öðrum gjöldum landssjóðsins í peningum, þó gjöld þessi verði greidd þeim í landaurum; en hins vegar eru þeir, eins og tekið er fram í brjefi mínu frá 12. apríl þ. á. (stjórnartíð B. 52) ekki skyldir að taka landaurana með því verði, sem sett er á þá í verðlagsskrá ár hvert, sje verð það herra en það, sem landaurarnir verða seldir fyrir á gjalddaga í sveit þeirri, er viðkomandi manntalsþing er átt í, og verður allur hallinn, sem leiðir af því, að landaurarnir komist ekki í það gangverð, sem þeir gætu náð, ef salan færi fram á hentugra tíma og hentugra stað að lenda á gjaldþegni þeim, sem kys heldur að greiða sýslumanni landaurana en að koma þeim sjálfur í peninga.

Hvað innskriptir snertir, þá getur ekki það atriði, að hlutaðeigandi gjaldþegn kys heldur að borga á þenna hátt, en að láta peninga eða landaura, heimilað honum borgunarfrest, og með því að gjöld þau, er hjer ræðir um, eiga að greiðast á manntalsþingum, en þing þessi venjulega eru haldin í maí og júnímánuðum, virðist ekki geta komið til tals að taka sem gilda borgun innskrípt, nema því að eins að ávísun geti fengizt fyrir hana í sumarkauptíðarlök.

Að öðru leyti finn jeg ástæðu til aptur að taka fram, að ráðstöfun skuli gjörð sem fyrst eptir manntalsþing til að taka lögtaki öll þau gjöld, sem ekki eru borguð á þingunum.

— *Brjef landshöfðingja til yfirskattanefndarinnar í Húnavatnssýslu um eptirlit með skattanefndum.* — Í brjefi frá 5. maí þ. á. hefir hin heiðraða yfirskattanefnd spurt, hvort hún hafi heimild til, að heimta af skattanefndum þeim, er undir henni eru skipaðar ítarlegar skýrslur um, hvernig upphæðir þær, er tekjuskatt skal greiða af, hafi verið taldar, og hvort yfirskattanefndinni beri samkvæmt slíkum skýrslum, að leiðrjetta upphæðir þær, er skattanefndin hefir tilfært, þótt enginn gjaldþegn hafi kvartað yfir þeim.

Fyrir því vil jeg um leið og jeg vísa til brjefa minna frá 3. febr. þ. á. til sýslumannsins í Dalasýslu (stjórnartíð. B. 22.) og frá 20. marz s. á. til yfirskattanefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (stjórnartíð. B. 50.) tjá yfirskattanefndinni, að báðum þessum spurningum beri að svara með jái.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til að læra leirkerasmíði.* — Eptir að hafa meðtekið álit 22. sept. 140 atmsráðs vesturumdæmisins í brjefi yðar, herra amtmaður, frá 17. þ. m. viðvíkjandi